

**Sp. 165. Tillaga til þingsályktunar [153. mál]**

um gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlunar um lagningu vegar með suðurströnd Reykjanesskaga.

Flm.: Níels Árni Lund, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um gerð vegar með suðurströnd Reykjanesskaga milli Þrengslavegar við Þorlákshöfn og Grindavíkurvegar.

Niðurstöður þeirrar athugunar skuli liggja fyrir við endurskoðun vegáætlunar á næsta Alþingi.

**Greinargerð.**

Vegalengdin milli Grindavíkurvegar og Þrengslavegar mun vera um 70 kílómetrar sé farið með suðurströnd Reykjanesskaga. Þar er nú að nafninu til akfær vegur sem er lítið sem ekkert farið enda alls ekki í því horfi að hann bjóði upp á mikla umferð. Fullyrða má hins vegar að góður vegur á þessari leið yrði mikið notaður og að hann mundi skapa nýja möguleika í samgöngu- og atvinnumálum, ekki aðeins fyrir íbúa næsta nágrennis heldur einnig fyrir stóran hluta annarra landsmanna. Má í því sambandi benda á að ný brú verður senn tekin í notkun yfir Ölfusárósa sem mundi valda miklum breytingum í samgöngum á Suðurlandi. Örstutt verður á milli útgerðarstaðanna Stokkseyrar, Eyrarbakka og Þorlákshafnar og mun sú breyting frá því sem nú er skapa nýja og fjölbreytta möguleika í samvinnu þessara staða og er hún þegar farin að hafa áhrif á mótun framtíðarstefnu þeirra í ýmsum málum.

Með greiðfærum vegi milli Þorlákshafnar og Grindavíkur mundu opnast nýjar samgönguleiðir á svæðinu og ýmsar leiðir styttest til muna. Þannig mundi leiðin frá Suðurlandsundirlendi til Suðurnesja styttest að öllum líkindum um 30–50 km. Sé horft til þeirrar miklu umferðar sem er á milli þessara landsvæða er vart sjáanlegt annað en að vegur sem mundi stytta þessa leið svo mikið væri hagkvæmur.

Víst er að greiðfær vegur af Suðurlandsvegi við Hveragerði til Suðurnesja með suðurströnd Reykjanesskaga yrði mikið notaður af þeim sem erindi eiga milli þessara byggðarlaga. Hann yrði styttri, fljótfastari og jafnvel greiðfærari á vetrum en leiðin yfir Hellisheiði og um Reykjavík til Suðurnesja.

Með gerð vegar með suðurströnd Reykjanesskaga væri því dregið úr þeirri miklu umferð sem nú er um Reykjanessbraut og þegar er orðin mun meiri en hún getur þjónað með öruggu móti svo sem dæmi sanna. Með þessari vegalagningu væri því tekið skref til móts við kröfur landsmanna um aukið öryggi á þeirri leið. Einnig mundi vegurinn draga úr umferðarþunga um Reykjavíkursvæðið sem ekki er vanþörf á.

Aðalflugvöllur landsins er á Suðurnesjum og um hann fer allt áætlunarflug til og frá landinu, og sömuleiðis fer allur út- og innflutningur varnings með flugvélum fram um Keflavíkurflugvöll. Flutningaleið frá Suðurlandi yrði styttri og skapaði grundvöll fyrir auknum viðskiptum af því tagi.

Þá er nú þegar hafin samvinna milli Þorlákshafnar, Eyrarbakka, Stokkseyrar og Selfoss við Fiskmarkað Suðurnesja. Fullvíst er að sú samvinna mun verða öflugri og fjölbreyttari ef auðveldara verður að flytja fisk landleiðis milli þessara byggðarlaga en nú er.

Enginn vafi er á að margir erlendir ferðamenn mundu kjósa að fara þennan veg í skoðunarferð um landið. Fyrir ferðamenn, sem hafa hér stutta viðdvöl, er kynnisferð umhverfis Reykjanesskaga áhugaverður kostur sem margir mundu eflaust nýta sér ef að væri unnið. Má þar m.a. minna á Krísuvíkursvæðið sem er athyglisvert til skoðunar.

Þá má telja fullvíst að eftir að Krísuvíkurheimilið verður tekið í notkun fyrir vímuefnasjúklinga muni þurfa að endurbæta að verulegu leyti þann veg sem þangað liggur nú. Með gerð þess vegar sem hér hefur verið rætt um tengdist Krísuvík góðum vegi. Sömuleiðis tengdi þetta byggðina í Selvogi betur helstu umferðaræðum.

Það eru því mörg rök sem liggja til grundvallar því að hagkvæmt og eðlilegt sé að lagður verði greiðfær vegur milli Grindavíkurveggar og Prengslavegar. Svo að unnt sé fyrir Alþingi að taka ákvarðanir um lagningu hans þurfa að liggja fyrir kostnaðar- og framkvæmdaáætlanir og því er lagt til að samgönguráðherra láti gera þær og leggja niðurstöðurnar fyrir Alþingi næsta haust.

